

95.fundur hverfisnefndar Holta og hlíðahverfis

Haldinn 4.október 2016 að heimili formanns kl.18:00

Mættir eru: Berglind Rafnsdóttir, Helgi Stefánsson, Eiríkur Aðalsteinsson, Einar Gauti Helgason.
Páll Árdal er fjarverandi.

1. Fundur vegna Akureyrarvöku

Boðað var til fundar í Ráðhúsinu miðvikudaginn 6. Júlí kl. 16:30 í bæjarstjórnarsalnum fyrir allar hverfisnefndir vegna Akureyrarvöku. Þar kom fram hvenær hún myndi vera og við síðan boðuð á annan fund með Huldu Sif miðvikudaginn 3.ágúst kl. 16:45. Þar kom fram þema vökunnar í ár og hvað það væri sem hverfisnefndirnar myndu vilja gera í tilefni dagsins.

Hverfisnefnd Holta og hlíðahverfis hittist heima hjá formanni eitt kvöldið og ákvað að hafa pylsupartý svo framarlega sem grillið okkar væri komið upp í Seljahlíðargarðinn.

Framkvæmdardeild Akureyrarbæjar setti grillið upp og því grillaðum við fyrir gesti og gangandi þennan laugardagsmorgun 26.ágúst. Grenjandi rigning var og komu fáir en einhverjir gestir litu þó við. Búið var að ákveða að öll börn mættu teikna hverfið sitt og öllum teikningum myndi vera skilað á vissan stað en það var hætt við það vegna veðurs.

2. Miðbær og bílastæði

Okkur fundarmenn undrar að bílastæðin sem eftir eru við Bautann í miðbænum skuli enn vera gjaldstæð á meðan að á framkvæmdum stendur. Búið er að taka um 50 stæði af þeim sem þurfa að leggja í bænum og mjög svo erfitt fyrir þá sem vinna í miðbænum að fá stæði nálægt sinni vinnu.

3. Nýtt leiðakerfi strætisvagna

Sú breyting sem varð á akstri strætó í okkar hverfi, þ.e. Að aka Skarðshlíðina upp og niður, framhá fótboltasvæði Þórs, leggst vel í nefndina sem vonar að börnin noti sér þegar fara skal á æfingar.

4. Grillið og Seljahlíðargarðurinn

Nefndin er heilt yfir ánægð með staðsetningu grillsins í garðinum. Við óskum samt eftir að fá ruslatunni á grillsvæðið og fá annan bekk/borð. Nefndin hefur einnig áhuga á að vernda grillið fyrir veðrum og vindi og ætlar að skoða yfirbyggingar að einhverju tagi. Einnig er áhugi fyrir að setja skilti þar sem íbúum er kynnt að nota meggi grillið og hvers sé ætlast af þeim vegna þess. Ss.þrif og frágangur.

5. Umhverfisfé

Umhverfisfé Akureyrarbæjar er árið 2016 um 1,5 millj og hefur hverfisnefndin nýtt sér kr. 446.511 af því. Við skiljum reyndar ekki allar færslur sem eru á yfirliti því sem Jón Birgir sendi okkur nú á dögnum og mun Berglind fara og fá útskýringar á því hjá bókhaldi bæjarins.

6. Facebook- síða hverfisnefndar opnuð

Nefndin bjó til síðu á facebook sem hún hefur notað til að boða fundi og ræða saman. Við höfum nú ákveðið að opna hana öllum og óskum eftir að fólk nýti sér að tjá sig um hverfið okkar og láta í sér heyra ef eitthvað gæti farið betur. Helgi er umsjónarmaður síðunnar.

7. Skólaráð

Samkvæmt lögum Glerárskóla skal í Skólaráði sitja 1 aðili frá hverfisnefnd. Munum við óska eftir fundarboði og sinna því hver sem af okkur er laus.

8. Þverholt / Krossanesbraut

Við þrengingu götunnar við þverholt/ krossanesbraut var settur gróður til að gera þrenginguna meira aðlaðandi umhverfinu. Nú er svo komið að gróðurinn er farinn að skyggja annsi mikið á umferðina. Vinsamlegast skoðið og gerið ráðstafanir.

9. Stöðuvörður sektar.

Nefndarmaður varð fyrir þeirri reynslu að sjá stöðuvörð Akureyrarbæjar sekta bifreið í hverfinu okkar. Við spyrjum: Er það löglegt ?

Góður fundur með kaffi og kleinum. Næsti fundur 1.nóvember kl.18:00. Fundarstaður: ekki vitað.

Ritari: Berglind Rafnsdóttir